

Áfangaskýrsla vegna sjálfsmats Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2020 – 2021

Þriggja ára matsáætlun fyrir Grunnskóla Seltjarnarness var lögð fram haustið 2020 og nær hún til ársins 2023. Í þessari áfangaskýrslu er að finna upplýsingar um sjálfsmatið skólaárið 2020-2021 auk þess sem áætlunin sem slík verður metin þ.e. hvað er gott og hvað má betur fara.

Sjálfsmatsáætlun skólans er sett upp á mánuði og verður farið yfir áætlun hvers mánaðar í þessari skýrslu, rýnt í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar og fjallað um úrbætur. Þegar horft er til framkvæmdarinnar þá gekk margt vel en annað má betur fara. Þessi vinna er á herðum stjórnenda, tveggja kennara og þroskajálfa.

Ágúst

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	- Kynning á matsáætlun - Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar - Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim - Nemenda og foreldrasamtöl – sjálfsmat nemenda	- Matsteymi - Stjórnendur - Stjórnendur - kennarar - Kennarar/skólastjórnendur

Kynning á matsáætlun

Matsáætlun hefur verið sett á heimasíðu skólans og kynnt starfsfólki.

Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar

Almenni hluti skólanámskrárinnar var uppfærður og settur á heimasíðu skólans. Vegna sóttvarnarreglna voru foreldrar ekki kallaðir á skólakynningar á þessu skólaári eins og tíðkast hefur heldur voru skólakynningar sendar foreldrum í power point þar sem skólanámskrá og lögbundnar áætlanir skólans voru kynntar m.a. Kennsluáætlanir eru nú, eins og í fyrra, aðgengilegar foreldrum og nemendum bæði á Mentor og á heimasíðu skólans.

Útgáfa kennsluáætlana hvers árgangs/hverrar námsgreinar

Enn og aftur hefur námsmat verið í forgrunni við endurgerð kennsluáætlana. Ákveðið hefur verið að halda áfram að gefa einkunnir á hæfnikort eins og gert var í fyrra og áfram verða gefnir bókstafirnir A, B, C og D

á hæfnikortin. Hætt hefur verið við að gefa nemendum bókstafi fyrir einstök verkefni/próf til viðbótar við fyrirgjöf fyrir einstök hæfniviðmið en gefinn verður bókstafur fyrir haustönnina í hverri námsgrein og þá bætist B+ og C+ inn í skalann.

Við gerð kennsluáætlana er, eins og áður, stuðst við ákveðinn grunn þar sem m.a. er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat, fjölbreytta kennsluhætti og virkni nemenda enda útheimtir námsmat skv. aðalnámsrá fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir.

Nemenda- og foreldrasamtöl (sjálfsmat nemenda)

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 24. ágúst en vegna COVID var foreldrum ekki boðið í skólann heldur fóru viðtölin fram í gegnum síma. Í ár hafði verið lagt upp með styttri viðtöl en verið hefur á þessum tíma og ákveðið að hafa viðtölin í nóvember frekar lengri. Nemendur, með aðstoð foreldra, fylltu út þar til gerð eyðublöð fyrir viðtölin þar sem farið var yfir ýmsa þætti skólastarfsins auk þess sem nemendur settu sér markmið fyrir veturinn.

Mat og úrbætur:

- Allir kaflar skólanámskrár voru uppfærðir en mismikið – allt eftir þörfum.
- Þrátt fyrir mikla vinnu í námsmati undanfarin ár er enn verið að endurskoða námsmat milli ára. Það er áhyggjuefni hve þungt námsmatið er og seinlegt í vinnslu fyrir kennara auk þess sem nemendur og foreldrar hafa sumir átt erfitt með að tileinka sér þær útfærslur sem hafa verið í gangi. Að ráði sérfræðings í námsmati fækkaði viðmiðum í hverri námsgrein en þau hafa hingað til verið mjög mörg.
- Í unglingadeild var eftirfarandi ákveðið í von um minna vinnuálag og meira gegnsæi:
 - Námsmat er unnið út frá Aðalnámskrá grunnskóla eins og verið hefur
 - Stuðst er við hæfniviðmið í 7./10. bekk í námsmati í 7.-9. bekk en stuðst er við matsviðmið 10. bekkjar í námsmati 10. bekkjar.
 - Það er ekki hægt að meta öll hæfniviðmiðin þó vissulega sé unnið samkvæmt þeim.

Breytingar sem gerðar verða og leiða vonandi til gegnsærra námsmats:

1. Gefnir bókstafir í stað tákna á hæfnikortum
 2. Gefið lokið/ólokið fyrir einstök verkefni
 3. Gefið námsmat um áramót
- Gefið A,B,C eða D fyrir einstök hæfniviðmið
 - Um áramót og að vori eru gefnar sambærilegar einkunnir en þá gefst kennurum tækifæri á að gefa líka B+ og C+.

Hvað liggur að baki bókstöfunum:

- A í lokaeinkunn um jól eða að vori

Nemandi er með A fyrir 9/10 hluta námsmats

- B í lokaeinkunn um jól og að vori

Nemandi er með B fyrir 9/10 hluta námsmats

- C í lokaeinkunn um jól og að vori

Nemandi er með C fyrir 9/10 hluta námsmats

Vægi einstakra hæfniviðmiða og verkefna getur verið breytilegt og sjá má vægið inni á kennsluáætlunum.

- B+ í lokaeinkunn um jól og að vori fá þeir nemendur sem eru með A fyrir a.m.k. helming námsmats og ekki undir B í 9/10 hlutum námsmats.
- C+ í lokaeinkunn um jól og að vori fá þeir nemendur sem eru með B fyrir a.m.k. helming námsmats og ekki undir C í 9/10 hlutum námsmats.

Vægi einstakra hæfniviðmiða og verkefna getur verið breytilegt og sjá má vægið inni á kennsluáætlunum.

Í 1. – 6. bekk var farið yfir hæfniviðmið í hverju fagi, þau hæfniviðmið sem ekki eru mælanleg tekin út og hæfniviðmiðum fækkað með það fyrir augum að eindalda framsetningu námsmats.

Nemenda- og foreldraviðtöl í upphafi skólaárs voru rafræn, nema í 1. bekk, þar sem þar eru margir nýir skólaforeldrar sem þurfa á meiri upplýsingum að halda. Auk þess lá fyrir að ekki yrði hægt að vera með hefðbundinn kynningarfund fyrir þann foreldrahóp.

September

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
September	- Mat á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkja. - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Skólakynningar fyrir foreldra - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Mat á kennslu hefst	- Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri - Valhúsaskóli: Stjórnendur Mýrarhúsaskóli: umsjónarkennarar. - Skólastjórnendur - Verkefnastjóri í UT - Skólastjórnendur

Mat á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkja

Engir kynningarfundir voru haldnir í ár vegna sóttvarna en upplýsingar voru sendar á foreldra og í einstaklingsviðtölum við umsjónarkennara.

Lestrarpróf MMS lögð fyrir 1.-10. bekk

Eftir að MMS fór að gefa út lestrarpróf og lesviðmið fyrir alla árganga grunnskólans hafa allir árgangar verið prófaðir í lestri þrisvar á ári og er þetta sjötta árið sem lesfimiðpróf MMS eru lögð fyrir nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness.

Skólakynningar fyrir foreldra

Um miðjan september stóð til að vera með skólakynningar fyrir foreldra allra árganga. Vegna sóttvarna var ekki hægt að kalla foreldra í skólann og því fengu allir senda power point kynningu á starfi vertarins. Þar var áréttað við foreldra að kennsluáætlanir væru komnar á heimasíðu skólans og inn á Mentor og foreldrum bent á að allar hagnýtar upplýsingar og skýrslur væru jafnframt komnar inn á heimasíðuna. Farið var yfir skipulag vetrarins, bent á eineltisáætlun, niðurstöður samræmdra prófa, niðurstöður

nemendakönnunar skólapúlsins auk þess sem fjallað var um læsi, símanotkun í skólanum o.fl. Námsmat við lok grunnskóla var kynnt sem fyrr.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat á kennslu

Stefnt var á að fara af stað með mat á kennslustundum í september. Ekki framkvæmt.

Mat og úrbætur:

- Lestrarniðurstöður lágu fyrir í lok september.

7.-10. bekkur

Farið var yfir lesfiminiðurstöður og þær rýndar. Skimað var fyrir lesblindu (með gögnum frá MMS) hjá þeim nemendum í 10. bekk sem ekki hafa náð lágmarksviðmiði í lesfimi og hafa ekki fengið lesblindugreiningu áður. Þeir sem komu illa út úr þessari skimun fóru í logosgreiningu í nóvember. Einnig voru endurnýjaðar logosgreiningar þeirra 10. bekklinga sem þegar voru komnir með greiningu. Skimað verður fyrir lestrarvanda hjá 8. og 9. bekk að janúarprófum loknum og 7. bekklingar verða skimaðir í maí. Skv. stundatöflum vetrarins er yndislestur áfram fjóra morgna í viku og áfram farið fram á það við kennara að þeir auki það að nemendur lesi upphátt í yndislestrinum auk þess sem mælt er til þess að kennarar vinni í hraðaæfingum í öllum bekkjum unglingastigs fyrir áramót. Yndislestur hefur ekki verið á dagskrá í skólanum á meðan skólastarf hefur verið skert vegna COVID en foreldrar hafa verið hvattir til að halda lestri að unglingunum heima fyrir.

2.-6. bekkur

Það er áhyggjuefni hve lestri hnignar frá maí og fram í september þrátt fyrir að nemendur og foreldrar séu hvattir til að hlúa að lestrinum yfir sumarið.

Deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri fór yfir niðurstöður með umsjónar- og sérkennurum og brugðist var strax við hjá þeim nemendum sem talið er að séu í áhættuhópi varðandi lestrarörðugleika. Umsjónarkennarar gerðu umbótaáætlun sem skilað var til aðstoðarskólastjóra.

Matstæki: Lesfimiþróf MMS og Orðarún

Fyrirlögn:

- Lesfimi: september, janúar og maí og þess á milli eftir þörfum
- Orðarún: október og apríl



Eftirfarandi á að koma fram í umbótaáætlunum:

- Hvert er markmiðið?
- Hvernig ætlum við að vinna þetta með nemendum?
- Hvernig ætlum við að kynna áætlunina/markmiðin?
- Hvernig ætlum við að virkja foreldra?
- Hvenær/hvernig ætlum við að endurmeta, þ.e. varða leiðina að markmiðinu?
- Hvað er verið að gera fyrir utan „kennslu“ til að virkja áhugahvöt nemenda (t.d. kennslurýmið, lesið í nestistímum, fyrirkomulag yndislestrartíma, nemendur kynna bækur sem þau lesa fyrir hvert öðru, lestrarátök o.s.frv.)

Tilgangurinn með umbótaáætlunum er að:

- a) að vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda okkar með því að nýta niðurstöður skimana
- b) deila þekkingu og læra hvert af öðru og byggja þannig upp virkt lærdómssamfélag.

Fyrirlögn sept. 2020, Grunnskóli Seltjarnarness



- Skólakynningarnar í 7.-10. bekk voru rafrænar eins og áður hefur komið fram og fengu stjórnendur engin viðbrögð við skólakynningunum sem sendar voru heim.

Október

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Október	Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum.	Deildarstjóri stigs/námsráðgjafi og umsjónarkennarar

	▪ Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk ▪ Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-8. bekk.	▪ Stjórnendur/kennarar ▪ Deildarstjóri stigs/umsjónarkennarar
--	--	--

Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum.

Tekin voru rýnihópaviðtöl við átta börn úr 2. og 4. bekk og var reynt að hafa kynjahlutföll sem jöfnust. Spurt var um bekkjarstarfið, kennslustundir og frímínútur (fylgiskjal nr. 10). Í haust tóku nýir aðilar við skólaeldhúsinu og því var ákveðið að bæta við spurningu um hvernig nemendum líkaði hádegismaturinn.

Hjá 4. bekkingum kom fram að almennt líður nemendum vel og þeir eru ánægðir með bekkinn sinn þó svo mörgum finnist vera helst til of mikil læti. Íþróttir og sund eru vinsælar greinar þó margir nefni að það sé mikill hávaði í íþróttum og margir sem fara ekki eftir fyrirmælum. Mun rólegra er í sundi. List-og verkgreinar fá almennt mjög mikið lof nemenda. Flestum nemendum finnst gaman í frímínútum en þó koma upp ákveðin vandamál í sambandi við fótþoltavöllinn, þar sem sumir nemendur hafa fullmikið keppnissskap. Eins eru reglur á pógóvöllunum ekki alveg á hreinu og getur það valdið samskiptaörðugleikum. Nemendur eru þokkalega sáttir við matinn, en flestir nefndu þó að þeir hefðu verið sáttari við matinn hjá Jóa, t.d. fannst sumum of lítil fjölbreytni í fiskréttum, það væri t.d. aldrei lax í matinn.


Sömu spurningar voru lagðar til grundvallar í 2. bekk, en þar virðist nemendum almennt líða vel. Krakkarnir eru ánægðir með bekkinn sinn og kennara og finnst ganga vel bæði að vinna saman og hlýða. Þau segjast vera góðir vinir og leika saman í frímínútum. Mikil ánægja er með allar list- og verkgreinar, sund og íþróttir.

Þegar þátttakendurnir voru spurðir hvort þau vildu breyta einhverju í skólanum kom oftast fram að nemendur vildu aftur fá Jóa kokk í eldhúsið. Einnig komu fram óskir um fleiri leiktæki á skólalóðina, lengri frímínútur og fleiri bolta. Þá komu frá ábendingar frá báðum árgöngum að það væri óþægilegt að hafa íþróttir og sund aðliggjandi hádegismat, þ.a. þau kæmu of seint í matinn. Að venju kom fram sú ósk að allir væru góðir við hvern annan.

Í 1. og 3. bekk var lagður spurningalisti (fylgiskjal 9).


Niðurstöður í 3. bekk voru almennt mjög jákvæðar, sjá mynd 2. Svarhlutfall var 100 %.

Niðurstöður voru kynntar kennurum árgangsins.



Mynd 2

Nemendum í 1. bekk líður almennt vel og eru ánægðir í skólanum. Rúmlega 98% árgangsins svöruðu könnuninni. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir kennurum árgangsins.




Mynd 3

Í 5. og 6. bekk var spurningalisti lagður fyrir nemendur (fylgiskjal 11).


Rúmlega 95% 5. bekkinga svöruðu könnuninni og tæp 96% 6. bekkinga. Niðurstöður sýna að nemendum líður vel og eru ánægðir með skólann sinn og umsjónarkennara. Allar niðurstöður voru kynntar umsjónarkennurum viðkomandi árganga.

Tæplega 77% nemenda finnst skólinn sinn frábær eða frekar góður. Sjá mynd.




Mynd 4

Tæpum 94 % nemenda finnst umsjónarkennarinn sinn frábær eða venjulega ágætur. Sjá mynd.




Mynd 5

Um 75 % nemenda líður næstum alltaf eða venjulega vel í skólanum. Tæplega 5% nemenda segja að þeim líði næstum aldrei vel í skólanum. Það var skoðað með umsjónarkennurum og námsráðgjafa. Sjá mynd.



Mynd 6

Heimanámið þykir hæfilegt og jafnvel skemmtilegt. Sjá mynd.





Mynd 7

Að lokum var spurt um stríðni og útilokun. Nokkur nöfn voru nefnd og þau mál voru strax tekin til skoðunar og umsjónarkennarar unnu með þessar upplýsingar með námsráðgjafa.

Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk

Í október var könnun varðandi líðan lögð fyrir á unglingastigi þ.e. kannað var hvernig nemendur upplifa samskiptin í skólanum. Eins og undanfarið var notast við sömu spurningar og notaðar eru í skólapúlsinum en með könnun skólans fást niðurstöður fyrr og yfirlit yfir líðan allra nemenda í senn auk þess sem gera má samanburð á stöðunni milli árganga. Niðurstöður fyrir skólann í heild má sjá á meðfylgjandi súluriti.





Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-6. bekk

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 3.-6. bekk og verður það endurtekið í apríl. Niðurstöðurnar voru birtar á mentor og foreldrar hvattir til að efla heimalestur með börnum sínum.

Orðarún í 7. og 8. bekk



Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 7. og 8. bekk og verður það endurtekið í maí og niðurstöður bornar saman.

Mat og úrbætur:

- Venjan er að kennarar nýti niðurstöður samskiptakönnunar í 7.-10. bekk í umræður með nemendum á degi gegn einelti en þar sem skólastarf var allt með óhefðbundnu sniði frá 3. nóv.

varð ekkert úr því að niðurstöðurnar væru kynntar nemendum. Kennarar fengu þó niðurstöðurnar sendar í desember. Sama könnun verður lögð fyrir nemendur á vorönn og unnið úr þeim niðurstöðum eftir þörfum. Þrátt fyrir að niðurstöður þessarar könnunar hafi ekki verið teknar fyrir eins og ráð var fyrir gert hafa tvö snúin samskiptamál ratað inn á borð stjórnenda og unnið hefur verið með þau með viðtölum við nemendur og upplýsingagjöf og viðtölum við foreldra.

- Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 7. og 8. bekk í september og niðurstöður fylgja hér fyrir neðan.



Það gildir með lesskilninginn eins og lesfiminna að nemendum fer aftur yfir sumarið vegna ónógs lestrar. Unnið er með lesskilning í kennslustundum og yndislestri allan veturinn.

Nóvember

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Nóvember	- Greining samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. - Sjálfsmat nemenda í 2.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor - Mat á framförum í lestri nemenda í 1.-6. bekk, fyrir foreldrafund - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	- Stjórnendur/umsjónar-kennarar/faggreinakennarar - Umsjónarkennarar / stjórnendur - Deildarstjóri stigs og umsjónarkennarar - Verkefnastjóri í UT


Greining samræmdra prófa í 4. og 7. bekk.

Samræmd próf voru lögð rafrænt fyrir í 4. og 7. bekk í fimmta sinn.

Niðurstöður í báðum árgöngum voru rýndar sérstaklega. Niðurstöður 4. bekkinga voru skoðaðar og farið yfir hvers konar stuðning og sérkennslu þeir nemendur, sem voru undir 50 í raðeinkunn, hefðu fengið hingað til og gerð áætlun um áframhaldandi sérkennslu. Kennurum í 7. bekk voru sendar niðurstöðurnar þar sem nemendur, sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda, voru aðgreindir frá öðrum nemendum og gerð áætlun um stuðning.

4. Bekkur	Íslenska	Stafsetning	Lestur og hlustun / lesskilningur	Málnotkun	Ritun
Miðgildi 2020					
Grunnskóli Seltj.	33,8		33,7	32,7	
Reykjavík	30,3		30,35	30,25	
Höfuðborgarsvæðið	30,31		30,27	30,34	
Raðeinkunnir					
2020 (2011)	60		61	57	

4. bekkur	stærðfræði	reikningur	rúmfræði	tölfræði	
Miðgildi 2020					
Seltjarnarnes	32,9	32,6	31,2	33,5	
Reykjavík	30,04	30,17	30,09	29,97	
Höfuðborgarsvæðið	30,14	30,22	30,18	30,08	
Raðeinkunn 2020					
2020 (2011)	58,1	56,4	52,7	61,21	



Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	47	2	4,3%	30	63,8%	15	31,9%
	Lestur	47	4	8,5%	24	51,1%	19	40,4%
Stærðfræði	Heild	46	6	13,0%	27	58,7%	13	28,3%
	Reikningur og aðgerðir	46	5	10,9%	28	60,9%	13	28,3%

Niðurstöður skólapúlsins

1. Yngsta stig íslenska

Námsþættir ↑↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
1.1. Yngsta stig íslenska: heild	33,8	47	3,3	-	30	3.970	3,8
1.2. Yngsta stig íslenska: lesskilningur	33,7	47	3,3	-	30	3.970	3,7
1.3. Yngsta stig íslenska: málnotkun	32,7	47	2,3	-	30	3.970	2,7

2. Yngsta stig stærðfræði

Námsþættir ↑↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
2.1. Yngsta stig stærðfræði: heild	32,9	46	2,7	-	30	4.026	2,9
2.2. Yngsta stig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	32,6	46	0,3	-	30	4.026	2,6
2.3. Yngsta stig stærðfræði: rúmfræði	31,2	46	4,9	-	30	4.026	1,2
2.4. Yngsta stig stærðfræði: tölur og talnaskilningur	33,5	46	3,4	-	30	4.026	3,5


7. bekkur íslenska sundurliðuð 2014-2020

7. bekkur	Ísl.	4 / 7	Stafs.	4 / 7	Lestur	4 / 7	Máln.	4 / 7	Ritun	4 / 7
Miðgildi 2020										
Grunnskóli Seltj.	34,8				34,5		34,1			
Reykjavík	30,36				30,43		30,33			
Höfuðborgarsvæðið	30,42				30,4		30,48			
Raðeinkunnir 2014-2020										
2020 (2008)	64,5	+10,1			63,7	+7	62,6	+11,3		

7. bekkur stærðfræði sundurliðuð 2014-2020

7. bekkur	Stærðfr.	4/7	Reikn.	4/7	Rúmfr.	4/7	Tölfr.	4/7
Miðgildi 2020								
Grunnskóli Seltj.	32,5		32,6		30,2		33	
Reykjavík	30,49		30,42		30,37		30,56	
Höfuðborgarsvæðið	30,59		30,61		30,37		30,49	
Raðeinkunn 2020								
2020 (2008)	58	+7,5	58,4	+7,8	51,7	+0,7	58,9	+10

Skoðaðar voru framfarir í einstökum þáttum prófsins í 7. bekk, með því að bera saman niðurstöður árgangs 2008 í 4. bekk og í 7. bekk. Allar niðurstöður voru sendar viðkomandi faggreinakennurum og sérkennurum og áréttað að fólk færi yfir það hvort bæta þyrfti í stuðning þeirra barna í 7. bekk sem voru með undir 30 í raðeinkunn. Stuðningi við þessa nemendur verður fylgt eftir.



Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	61	7	11,5%	26	42,6%	28	45,9%
	Lestur	61	3	4,9%	32	52,5%	26	42,6%
Stærðfræði	Heild	59	7	11,9%	36	61,0%	16	27,1%
	Reikningur og aðgerðir	59	8	13,6%	37	62,7%	14	23,7%

Niðurstöður Skólapúlsins

3. Miðstig íslenska

Námsþættir ↑↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
3.1. Miðstig íslenska: heild	34,8	61	2,9	2,9	30	4.148	4,8
3.2. Miðstig íslenska: lesskilningur	34,5	61	2,2	2,3	30	4.148	4,5
3.3. Miðstig íslenska: málnotkun	34,1	61	2,8	3,8	30	4.148	4,1

4. Miðstig stærðfræði

Námsþættir ↑↓	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
4.1. Miðstig stærðfræði: heild	32,5	59	0,7	2,1	30	4.173	2,5
4.2. Miðstig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	32,6	59	-0,2	2,3	30	4.173	2,6
4.3. Miðstig stærðfræði: rúmfræði	30,2	59	1,2	-0,6	30	4.173	0,2
4.4. Miðstig stærðfræði: tölur og talnaskilningur	33,0	59	0,8	3,4	30	4.173	3,0

Sjálfsmat nemenda í 7.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 11. og 12. nóv. Nemendur og kennarar í 7. -10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna lögð til grundvallar í rafrænum viðtölunum sem stóðu yfir í 20 mín. hvert. Einnig voru ágústmarkmiðin skoðuð og farið yfir hvernig nemendum hafði gengið að ná þeim.

Mat á framförum í lestri nemenda í 1.-6. bekk, fyrir foreldrafund

Fyrir foreldrafundinn í nóvember voru framfarir nemenda í lestri metnar og kynntar foreldrum í viðtölunum. Einnig farið yfir námslega stöðu nemnda almennt og hvað mætti betur fara.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Við skoðun á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk kom í ljós að meðaltal framfarastuðuls 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði er 3,0 en framfarastuðullinn 3 segir okkur að framfarir séu svipaðar og almennt gerist. Raðeinkunn 7. bekkjar 2020/2021 hækkaði í öllum þáttum prófanna frá því í 4. bekk. Í íslenskunni hækkaði raðeinkunn árgangsins um 10,1 stig í lestri um 7 stig og í málnotkun um 11,3 stig. Í stærðfræðinni hækkaði raðeinkunn árgangsins um

7,5 stig í reiknisaðgerðum um 7,8 stig, í rúmfræði og um 0,7 stig og í tölfræði um 10 stig. Eins og fram kemur hér að framan fá kennarar og sérkennarar niðurstöður hvers nemanda í hendurnar þar sem nemendur, sem þurfa sérstakan stuðning, hafa verið merktir sérstaklega. Lagt er á ráðin um þann stuðning sem þessir nemendur þurfa á að halda.

- Niðurstöður samræmdra prófa verða kynntar kennurum í 5. og 6. bekk svo þeir geti nýtt sér niðurstöðurnar til bættra kennsluhátta.
- Almennt gengu nemenda og foreldraviðtölin vel og það gekk betur en oft áður að fá foreldra og nemendur til að vinna frammistöðumatið heima, að vísu þurfti að ganga ítreka mikilvægi þess við bæði nemendur og foreldra. Markmið með frammistöðumatinu er annars vegar að safna saman á einn stað upplýsingum frá öllum kennurum barnsins en ekki síst að fá nemendur til að meta eigið gengi í námi og eiga spjall við foreldra sína um námið. Með þessu næst jafnframt að fá samanburð á upplifun bansins á eigin námi og mati kennaranna.

Desember

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Desember	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6.-10. bekk	Verkefnastjóri í UT

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Janúar

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Janúar	- Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10.bekk um valgreinar o.fl. - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk	- Aðstoðarskólastjóri unglingad. - Valhúsaskóli: Stjórnendur Mýrarhúsaskóli: umsjónarkennarar - Matsteymi/



	- Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) - Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinum) - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	umsjónarkennarar - Matsteymi/aðstoðarskóla-stjóri unglingastigs - Verkefnastjóri í UT
--	--	--

Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10. bekk um valgreinar o.fl.



Skv. áætlun hefur verið ákveðið að leita eftir hugmyndum frá nemendum og foreldrum varðandi námsval annað hvert skólaár. Þar sem það var ekki gert í fyrra var það gert. Reyndar var einungis leitað eftir hugmyndum frá krökkunum en í öllum árgöngum. Námsval var jafnframt borið undir kennara og þeir hvattir til að koma með nýjar og ferskar hugmyndir að valgreinum. Haldið verður áfram að láta nemendur velja sér námsgreinar til einnar annar í senn í bæði í frjálsum vali sem og í list- og verkgreinum. Þetta fyrirkomulag nær þó ekki yfir stærðfræðigreinar, tungumál og félagsmálafræði. Þessar námsgreinar eru valdar til alls skólaársins.

Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk

Fyrirlögn jan. 2021, Grunnskóli Seltjarnarness




Fyrirlögn sept. 2020, Grunnskóli Seltjarnarness




Til samanburðar eru hér birtar niðurstöður septembermánaðar og janúarmánaðar en eins og fram kemur á línuritunum hefur orðið breyting milli mánaða og þá fyrst og fremst varðandi það að í september nær enginn árgangur viðmiði 2 en í janúar eru 5 árgangar búnir að ná viðmiði 2. Hjá MMS er miðað við að ekki séu fleiri en 10% nemenda undir viðmiði 1 og það er einungis 2. bekkur sem nær því viðmiði í janúar. MMS setur jafnframt það viðmið að 25% nemenda ná viðmiði 3 og í september náður 13,49% nemenda því viðmiði en í janúar var sú tala komin upp í 23,10%. Þeir árgangar sem náðu 25% takmarkinu eru 2., 3., 4., 6. og 10. bekkur. Í foreldraviðtölum í febrúar verður foreldrum í 2.-10 bekk afhent blað þar sem þeir geta séð línulega þróun á lestri barna sinna. Enn sem fyrr kemur það berlega fram hve börnum fer aftur í lestri yfir sumartímann og vonandi verður sú umfjöllun, sem fram fer í foreldraviðtölunum, foreldrum hvatning til að halda börnum sínum að lestri yfir sumarið.

Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk


Haldnir voru bekkjarsfundir með nemendum í 7.-10. bekk þar sem nemendur svöruðu nokkrum spurningum varðandi skólann sinn. Niðurstöður bekkjarsfundanna voru teknar saman sendar umsjónarkennurum og kynntar nemendum. Niðurstöður fundanna voru sem hér segir:




Hvað finnst ykkur megi laga í skólanum ykkar svo öllum líði vel



Hvernig má bæta samskiptin í skólanum





Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinn 6. -10. bekkur)

Niðurstöður Skólapúlsins eru almennt nokkuð ásættanlegar fyrir haustönn 2019. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig teljast marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig yfir telst mikill munur. Það skal tekið fram að þegar sú samantekt sem hér er birt er tekin saman hafa 119 nemendur af 278 nemendum tekið þátt í könnuninni.

- **Virgni nemenda í skólanum:** Þessi þáttur var mældur í 6 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0.7 stigum yfir viðmiðum sem er reyndar lægra en í fyrra (lækkun um 0,16 stig). Lægst mældist skólinn 0,4 stigum yfir viðmiðum en það varðaði ánægju af lestri en mest mældist skólinn 0,9 stigum yfir viðmiðum en þeir þættir lúta að trú á eigin vinnubrögðum í námi, trú á eigin námsgetu og þrautseigju í námi.
- **Líðan og heilsa:** Þessi þáttur var mældur í 7 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,62 stigum yfir meðaltali en þar eru tveir þættir ekki reiknaðir með, liðirnir tíðni eineltis og tíðni hreyfingar, en þessir þættir eru mældir í prósentustigum. Sjálfssálit mældist 0,8 stigum yfir meðaltali, stjórn á eigin lífi mældist 0,7 stigum yfir meðaltali og vellíðan mældist 0,6 stigum yfir meðaltali en hæst skoraði skólinn í tíðni hreyfingar og var þar 12,4 prósentustigum yfir meðaltali. Holtt mataræði mældist 0,4 stigum yfir meðaltali. Varðandi tíðni eineltis mældist skólinn 3,3 prósentustigum undir viðmiðunarhópunum, sem er jákvætt en eineltið mældist líka 0,6 stigum undir landsmeðaltali og telst það einnig frekar jákvætt þó augljóslega væri betra ef skólinn mældist lengra fyrir neðan landsmeðalta. Eineltismálin eru þeir þættir könnunarinnar sem þarfnast endalausrar skoðunar því eitt eineltistilfelli er einu tilfelli of mikið. Það má gleðjast yfir því að þróun eineltismála sé í rétta átt. Ástandið í eineltismálum er sem stendur síst í 9. bekk. Verið er að vinna markvisst með ákv. nemendur varðandi samskipti.
- **Skóla- og bekkjarandi:** Skóla og bekkjarandi var mældur í 5 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,22 stigum yfir meðaltali. Lægsta talan samband nemenda við kennara en þar mældist skólinn

0,1 stigi undir meðaltali. Þegar spurt var út í aga í tímum mældist skólinn 0,5 stigum yfir meðaltali og hæsta skor skólans í spruningum um skóla- og bekkjaranda var 0,6 stig yfir meðaltali og varðaði sá þáttur samsömun við nemendahópinn.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Námsval verður með sama sniði og á síðasta skólaári fyrir utan að boðið verður upp á nokkrar nýjar námsgreinar. Kennsla í námsvali gekk vel í vetur því hefur ekki verið ráðist í breytingar á kennslunni fyrir næsta skólaár.
- Um leið og nemendum voru kynntar niðurstöður bekkjarfundanna voru þeim jafnframt kynnt staða á úrbótum:

Hvað má laga í skólanum – staða á úrbótum

<u>Maturinn</u>	Mötuneyti er ekki á vegum skólans - ákvörðun bæjarfélagsins
Ódýrari matur	Mötuneyti er ekki á vegum skólans - ákvörðun bæjarfélagsins
Kenna sumum kennurum samskipti við börn /sumir kennarar / sumir stjórnendur	Lagt er upp með fallega framkomu milli starfsmanna og nemenda - uppeldi til ábyrgðar
Minni heimavinna	Heimavinna verður alltaf til staðar í einhverju mæli
Setja túrtappa og dómubindi á kvennaklósettinn	Málið í ferli - vonandi stutt bið í úrvinnslu
Stólarir og borðin í slæmu standi	Óskir um endurnýjun húsgagna fyrir nemendur á fjárhagsáætlun
Setja upp bortennisborðin / fleira til að leika með í Miðgarði og á göngum / fríget dót	Borðtennisborðin <u>hafa verið sett upp eftir covid og unnið að aukinni fjölbreytni.</u>
Skólinn byrji seinna	Ekki hægt að bregðast við því
Matartíminn á fimmtudögum	Munum prófa að hafa matartímann eins næsta vetur því það hefur gagnast en sjáum svo til
Fleiri ferðir	Eftir að covidástandi lýkur getum við vonandi haldið uppi þeim ferðum sem farnar hafa verið í gegnum árin
Lengri tími eftir sundtíma	Ekki hægt að bregðast við því
Þeir sem afgreiða mat eiga að vera með hanska og hárnét	Málinu komið til þeirra sem málið varðar
Sleppa yndislestri - mæta 8:30	Ekki hægt að bregðast við því
Leyfa að krakkarnir séu í skóm í skólanum	<u>Ekki talið ráðlegt</u>
<u>Félagslíf - meiri fjölbreytni</u>	Byggir á samstarfi Selsins og nemendaráðs
Má hlusta á tónlist	Veður alltaf bundið samkomulagi við kennara - bannað nema ef kennari leyfir

Hvernig má bæta samskiptin í skólanum – staða á úrbótum

Allir kurteisir /blóta minna og hætta að vera dónaleg /vera jákvæðari /tala eins við alla	Byggir á að nemendur taki sig á og ákveði að bæta samskiptin
Samskiptin eru góð	Frábært að það sé upplifun þeirra sem hér svöruðu en muna að þetta er ekki upplifun allra
Bekkjartímar / tímar sem ekki er lært allan tímann	Umsjónartímar geta ekki komið inn aftur vegna
Meiri hópavinna /blanda stelpum og strákrum í fleiri hópaverk.	Góð tillaga til kennarar - verður komið til skila
Krakkar tali við fleiri en vinina - hvatningarátak	Byggir á að nemendur taki sig á og ákveði að bæta samskiptin
Meiri símatími /leyfa síma í matartímum	Símareglur voru settar í fullri samvinnu við nemendur og foreldra en mötuneyti var bætt við símalaus svæði og því verður ekki breytt að svo stöddu.

Tillögur nemenda að nýjum valgreinum – staða á úrbótum

Kynfræðsla	Veður í boði fyrir skólaárið 2021-2022	Vísindavaka	
Minecraft		Lagagerð	
Söng og leiklist - sýna öllum skólanum		Sjálfboðavinna t.d. í húsdýragarðinum	
Skyndihjálp		Nýtt tungumál	Franska í boði auk þýsku og spænsku skólaárið 2021-2022
Íslenska aukaval		Ping Pong	
Skák		Upplýsingatækni á herra stigi	
Tilraunartímar - efnafræði		skíði	
Hönnun og arkitektar	Sambærilegt val í boði fyrir skólaárið 2021-2022	Tónlist	
Heimavinnutími		Nammigerð	
Fótbolti	Verður í boði fyrir skólaárið 2021-2022 í samvinnu við Gróttu	körubolti	
Sund		Hlaupanámskeið	
Kvikmyndagerð /kvikmyndafræði	Sambærilegt val hefur verið í boði undanfarin ár og verður áfram	Kynjafræði	
Hugleiðsla	Yoga hefur verið í boði undanfarin ár og verður áfram	Tölvufræði	
Fatahönnun	Saumar og hönnun hefur verið í boði undanfarin ár og verður áfram	Tónlistartíma með hljóðfærðum	
Ferðir um Ísland - óvissuferðir	Boðið verður upp á styttri ferðir um hófuðborgarsvæðið skólaárið 2021-2022	Frjálssar íþróttir	
Fjármálafræðsla		Franska	Verður í boði fyrir skólaárið 2021-2022
Naglagerð		Eitthvað eins og "hvað get ég gert"	
Escape room		Leirgerð	
Hárgreiðsla		Sjávarlíffræði	
Förðun		Blak	
Clash of clash		Hvalafræði	
LARP			

- Nemendakönnun í 6. – 10. bekk á haustönn kemur nokkuð vel út og þó samskiptamálin mælist í betra horfi en verið hefur þarfnast þau samt áframhaldandi eftirfylgni. Í desember kom upp á yfirborðið eineltismál sem unnið var með síðustu dagana fyrir jól og haldið verður áfram með á vorönninni. Foreldrar 9. bekkinga voru látnir vita um ástandið auk þess sem rætt var við alla drengi í viðkomandi bekk. Kaflinn um skóla- og bekkjaranda hefði gjarnan mátt koma betur út og varðar það þá helst samband kennara og nemenda, virka þátttöku nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats. Þessa þætti þarf að endurskoða áfram og gera áætlun varðandi það að efla þessa þætti.

Það er ánægjulegt að sjá að skólinn er í efstu sætum sambærilegra skóla varðandi trú á eigin vinnubrögðum í námi, trú á eigin námsgetu og þrautseigju í námi.

Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að beinni lestrarkennslu í 6.-10. bekk og mun skólinn áfram nýta sér að fullu allt það sem MMS býður upp á s.s. hraðlestrarprófin sem nú þegar eru nýtt, lesskilningsverkefni/próf og ritunarverkefni/próf sem væntanleg eru til afnota fyrir skóla.

Febrúar

Mánuður	Verkefni	▪ Ábyrgðaraðili
Febrúar	▪ Matsfundur í skólaráði ▪ Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk ▪ Sjálfsmat nemenda í 7.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor, ▪ Starfsmannasamtöl (febr-apríl) ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun (lögð fyrir 2021 og 2023). ▪ Mat á líðan í 1. – 6.bekk. Rýnihópaviðtölvið 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum. ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. Bekk	▪ Skólastjóri /aðstoðarskólast. ▪ Stjórnendur/kennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Matsteymi/aðstoðarskólastjóri unglingastigs

Matsfundur í skólaráði

Ekki varð af matsfundi í skólaráði vegna röskunar á skólastarfi en ráðið hittist og fór yfir stöðu mála í ljósi COVID. Stjórnendur sátu einn fund með nemendaráði. Þar báru nemendur upp ýmislegt sem þeim lá á hjarta og reynt var að taka tillit til óska nemenda eins og hægt var.

Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum

Tekin voru rýnihópaviðtöl við önnur átta börn úr hvorum árgangi, fjórar stúlkur og fjóra drengi. Spurt var um bekkjarstarfið, kennslustundir og frímínútur, Skólaskjól/Frístund og fleira. (fylgiskjal nr. 10).

Nemendum sem rætt var við í 4. bekk líður yfirleitt vel í skólanum og flestir eru ánægðir með bekkinn sinn. Töluvert var kvartað undan hávaða og að nokkrir ættu erfitt með að fara eftir fyrirmælum.

Krakkarnir viðurkenndu að þau hlýddu frekar umsjónarkennurunum sínum og kennurum frekar en öðru starfsfólki. Krakkarnir eru almennt ánægðir í frímínútum, þrátt fyrir að upp komi stundum vandamál.

Nánast allir eru ánægðir með list- og verkgreinar. Sund og íþróttir eru líka vinsælar námsgreinar, þó sumum þyki stundum erfitt í sundi og að nemendur eigi stundum erfitt með að fara eftir fyrirmælum þegar þau komi ofan í laugina eða inn í íþróttasalinn.

Sömu spurningar voru lagðar til grundvallar í 2. bekk. Þeir nemendur sem rætt var við voru öll rosalega ánægð með bekkinn sinn og bekkjarfélagi. Þau segja að þau vinni oftast vel saman, en það séu nokkrir sem hlýði ekki. Þeim finnst gaman í frímínútum og leika sér vel saman. Sem fyrr er mikil ánægja er með allar list- og verkgreinar og íþróttir og sund.


Nemendur í báðum árgöngum fá að svara því hverju þau myndur breyta í skólanum ef þau mættu ráða. Oftast koma svörin að þau myndu vilja að aðllir væru vinir og kæmu vel fram við hvert annað. Svo óska nemendur eftir fleiri leiktækjum á skólalóðina. Og eins og alltaf eru einhverjir sem myndu kjósa nammi í öll mál.

Mat á líðan í 1. - 6. bekk.

Í 1. og 3. bekk var lagður fyrir spurningalisti (fylgiskjal 9).

Í 1. bekk svöruðu tæp 94 % nemenda könnuninni. Nemendum líður almennt vel í kennslustundum, bæði hjá umsjónarkennurum sem og list- og verkgreinakennurum. Heimanámið vekur hins vegar blendnar tilfinningar hjá þeim.


Könnun á líðan. 1. bekkur. Vor 2021.



Mynd

Í 3. bekk svöruðu tæp 99 % könnuninni. Rúm 65 % eru ánægð í bóklegum kennslustundum og mjög ánægð í list- og verkgreinum.

Könnun á líðan. 3. bekkur. Vor 2021.




Niðurstöður voru kynntar kennurum viðkomandi árganga.


Í 5. og 6. bekk var spurningalisti lagður fyrir nemendur (fylgiskjal 11).

98 % 5. bekkinga svöruðu könnuninni og 95 % 6. bekkinga.


Niðurstöður sýna að nemendum líður misvel. Tæplega 75 % nemenda finnst skólinn sinn frábær eða frekar góður.




92 % nemenda finnst umsjónarkennarinn frábær eða frekar góður.



Tæplega 75 % nemenda líður alltaf eða venjulega vel í skólanum.




Rúm 70 % nemenda finnst heimanámið skemmtilegt eða hæfilegt en 20 % finnst það mikið.




Allar niðurstöður voru kynntar umsjónarkennurum og ræddar á árgangafundi viðkomandi árganga. Það virðist sem svo að líðan nemenda hafi versnað frá því í haust og var það rætt sérstaklega. Ýmislegt getur skýrt þessa niðurstöðu og upplýsingar koma fram frá umsjónarkennurum en að auki var ákveðið að fylgjast sérstaklega með ákveðnum nemendum.

Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk

Samskiptakönnun var lögð fyrir nemendur í 7. -10. bekk og voru niðurstöður könnunarinnar sendar kennurum og til þess ætlast að þeir skoðuðu og ræddu niðurstöður með bekkjum sínum. Samskiptakönnunin var eins og fyrir byggð á sömu spurningum og lagðar eru fyrir nemendur í skólalápinum en í könnun skólans næst að kanna líðan allra nemenda í einu og grípa fyrir inn í vandamál sem kunna að vera í gangi. Auk þess fá nemendur tækifæri til að benda kennurum og stjórnendum á þá nemendur sem þurfa á leiðbeiningum í samskiptum að halda.





Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat í Mentor

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 19. febrúar. Kennarar í 7.- 10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna, ásamt niðurstöðum miðannamats, lögð til grundvallar í viðtölunum sem stóðu yfir í 15 - 20 mín. hvert. Nemendur í 7.-10. bekk voru ekki látnir fylla út matið sjálfir og þá sérstaklega vegna þess hve erfitt það hefur verið að fá nemendur og foreldra til að vinna þessa vinnu. Þess í stað var nemendum fengið það verkefni fyrir viðtölin að velja sér verkefni, sem þeir eru stoltir af, og kynna það fyrir foreldrum sínum. Viðtölin við foreldra voru rafræn en nemendur mættu til umsónarkennara sinna og voru með rafræna kynningu fyrir foreldra sína.

Starfsmannasamtöl í febrúar

Starfsmannasamtöl voru tekin í febrúar og hér kemur samantekt á því sem fram kom:

1. Það sem starfsmenn telja að valdi mestu álagi í starfinu er:

Í Mýrarhúsakóla:

- Námsmat í Mentor.
- Mæta þörfum allra nemenda með mismunandi þarfir svo vel sé gert – vont að upplifa að ná ekki til allra.
- Stórir bekkir.
- Samskiptavandamál hjá nemendum.
- Agamál.

Í Valhúsaskóla:

- Þegar kennd eru tvö holl í vali skerðir það aðeins tímana vegna tímaleysis milli kennslustunda.
 - Samskipti geta verið erfið – óskemmtilegt að lenda á milli
 - Færslur í Mentor
 - Námsmatið og færslur varðandi það í Mentor
 - Skipulagsleysi í sérdeildinni
 - Mikil foreldrasamskipti
 - Áskapað álag – vill alltaf vera að prófa eitthvað nýtt.
 - Of lítið að ætla 20 mín. í undirbúning og frágang eftir tíma í kjarasamningi
 - Kennslugögn samræmast ekki aðalnámskrá
 - Mest álag ef nemendur ná ekki árangri
 - Kennarar ekki nógu samstíga – þ.e. að ekki eru allir samtaka í símamálum t.d.
 - Aldrei til peningar í neitt.
 - Námsfnið og undirbúningurinn – mikið að setja sig inn í sem nýr kennari.
 - Reiðisköst ákv. nemenda en nær ágætlega að stjórna álaginu.
 - Endurnýjun í starfsmannahópnum kallar á aukið álag á þá sem fyrir eru sem sjá um verkefnagerð og utenumhald.
2. Samvinna telur mikill meirihluti kennara að gangi vel. Í Mýrarhúsaskóla eru kennarar almennt ánægðir með samvinnunna, þó hún sá mismikil. Í flestum árgöngum vinna kennarar þétt saman og undibúa alla kennslu saman. Stuðningsfulltrúar óska eftir meira upplýsingaflæði frá kennurum. Í Valhúsaskóla kemur fram að samvinna gengur vel í flestum námsgreinum og einhverjir nefna að gaman væri að þróa meiri teymiskennslu. Breytt samstarf í COVID jók áhuga einhverra á að auka samvinnu við kennara á breiðari grunni þ.e. ekki endilega einungis á milli þeirra sem kenna sömu námsgrein. Þrátt fyrir að flestir séu ánægðir með samvinnu sína og vinnufélaga sinna þá vantar upp á samvinnu í einhverjum námsgreinum – einhverjir upplifa nánast enga samvinnu og aðrir upplifa að þeir fái lítið til baka þó þeir reyni að leggja sitt af mörkum.
3. Líðan kennara er einnig almennt góð. Starfsfólk Mýrarhúsaskóla talar um gleði á vinnustaðnum, fólki líður almennt á vinnustaðnum. Valhúsaskóli: Í langflestur tilfellum kemur fram að starfsmönnum líði mjög vel og vel. Einn nefnir að COVID tímar hafi reynt á og einn segir að honum líði oftast vel.
4. Samskipti á vinnustaðnum að öllu jöfnu góð. Í Mýrarhúsaskóla er fólk ánægt með samskiptin sín á milli og samvinna er góð. Í Valhúsaskóla telur starfsfólk samskiptin almennt góð og að rólegra sé yfir hópnunum en í fyrra.

5. Kennarar létu almennt vel af samvinnu við stjórnendur. Í Mýrarhúsaskóla er talað um góða samvinnu, skilning og sveigjanleika. Þá finnst fólki aðgengi að stjórnendum gott og að á það sé hlustað. Stundum mætu hlutirnir þó ganga hraðar fyrir sig, aðallega varðandi upplýsingar um nemendur. Þá mættu stjórnendur vera sýnilegri. Í Valhúsaskóla er talað um góð samskipti við stjórnendur, þeir séu alltaf til staðar og aðgengi gott að þeim. Upplýsingaflæði mætti stundum vera betra að mati einhverra en aðrir tala um gott upplýsingaflæði. Fram kemur áhugi einhverra á að stjórnendur séu duglegri að kíkja inn í stofur og óskað er eftir því að spurningum sem koma upp á kennarafundum sé fylgt betur eftir. Þó kemur jafnframt fram að einhver telur sig alltaf fá svör við spurningum / ábendingum. Einhver benti á að gott væri að geta stundum talað við aðeins einn stjórnanda en það helgast af því að allir stjórnendur í Valhúsaskóla eru saman á skrifstofu.
6. Varðandi aðbúnað komu fram eftirfarandi ábendingar:

Í Mýrarhúsaskóla:

- Fleiri iPadda
- Nýjar fartölvur fyrir allnokkra kennara
- fjarlægja óvirkar SMART töflur og fá stórar tússtöflur
- Matarmál starfsfólks í algerum ólestri – þarf að vera hægt að kaupa sér brauð/ávexti og að starfsfólk geti skammtað sér sjálft í hádeginu.
- Ný húsgögn.
- Meiri gangavarsla.
- Erfitt að stjórna hitastigi í stofum 208, 209, 210.

Í Valhúsaskóla vill fólk gjarnan sjá:

- Vantar fartölvur fyrir kennara sem eru með úr sér gengnar tölvur.
- Bætta loftræstingu í smíðastofu en annars er stofan að komast í gott horf.
- Húsgögn sem nemendum er boðið upp á eru sóðaleg og hætt við meiðslum.
- Cromebook – eitt tæki á nemanda er lykilatriði
- Saknar hafragrauts í byrjun dags
- Samlokur í sjoppunni ekki góðar (Skólamatur).
- Vantar betra netsamband í stofu 108
- Allar stofur ættu að vera með tölvur og hátalara

7. Varðandi námskeið þá koma fram óskir í Mýrarhúsaskóla um fræðslu varðandi upplýsingatækni í skólastarfi og að setja mætti kraft í núvitund. Þá er kallað eftir fræðslu í skipulagi teymiskennslu og nýbúafraðslu. Nokkrir nefna líka að kennarar þyrftu að vera duglegri að upplýsa hvort annað og skiptast á kennsluhugmyndum innan skólans. Í

Valhúsaskóla var talað um námskeið í notkun á Mentor og mjög margir vilja læra á Google classroom. Talað var um námskeið í stuttmyndagerð til að geta leiðbeint nemendum betur í verkefnavinnu m/ stuttmyndir, aga- og bekkjastjórnun, leiðbeiningar varðandi það hvaða tæki og töl ættu að vera í náttúrufræðistofum, nám í áfallastjórnun og keramiknámskeið.

Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir vorið 2021 og liggja niðurstöður fyrir.

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Í öðrum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Könnun hafin: 1. feb. 2021

Könnun lýkur: 1. mar. 2021

Fjöldi þátttakenda: 124

Fjöldi svarenda: 98

Svarhlutfall: 79%

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,7	93	-0,1	5,1	6.319	-0,4*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	84,5%	71/84	-11,4%	91,4%	5377/5848	-6,9%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	76,4%	68/89	-2,2%	83,7%	5207/6176	-7,3%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	73,8%	62/84	4,8%	76,5%	4400/5690	-2,7%

Varðandi nám og kennslu í skólanum þá kemur skólinn lakar út en æskilegt væri þó munurinn sé ekki marktækur þ.e. nær ekki 0,5. Þegar þær sex spurningar, sem liggja að baki þessum þætti, eru skoðaðar kemur eftirfarandi fram:

Flestir kennarar virðast hæfir og metnaðarfullir: Mjög sammála og frekar sammála =93,4% / Frekar sammála og ósammála 6,5%
Ég er almennt ánægð/ur með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru í skólanum: Mjög sammála og frekar sammála =86,6% / Frekar ósammála og ósammála 13,3%

Ég er ánægð/ur hvernig tekið er á ágavandamálum í skólanum: Mjög sammála og frekar sammála = 66,2% / Frekar ósammála og ósammála 33,8%

Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda: Mjög sammála og frekar sammála =73,1% / Frekar ósammála og ósammála 26,9%

Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur: Mjög sammála og frekar sammála =89,8% / Frekar sammála og ósammála 10,2%

Námslegur þörfum nemenda er mætt: Mjög sammála og frekar sammála =85,2% / Frekar sammála og ósammála 14,8%

Þegar þessar tölur eru skoðaðar sést að það sem kemur verst út er að fólk telur agamálin vera í ólestri í skólanum auk þess sem upplýsingar um námsárangur nemenda séu ekki nægar. Varðandi agann þá er

Það eitt af því sem fagaðilar menntamálastofnunar höfðu orð á að væri í sérlega góðu lagi í Grunnskóla Seltjarnarness nú í vetur þegar þeir tóku út skólann. Þessir aðilar voru í skólanum í tvær vikur en þeir fara á milli skóla í úttektum sínum og ættu því að hafa góðan samanburð. Þessi ummæli komu frá þeim að fyrra bragði og komu skólafólkinu skemmtilega á óvart en það má vafalaust alltaf gera betur í agamálum. Varðandi upplýsingar um námsárangur nemenda þá virðist hið hæfnimiðaða námsmat sem skólum er gert að vinna eftir alls ekki höfða til foreldra því það kemur einmitt fram í opnum svörum foreldra að upplýsingar í mentor séu ekki nógu aðgengilegar og/eða skiljanlegar.

Varðandi stjórnun skólans var aðeins ein spurning lögð til grundvallar:

Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað: Mjög vel og frekar vel =84,3% / Frekar illa og mjög illa 15,5%

Varðandi þyngd námsefnis var aðeins ein spurning lögð til grundvallar:

Telur þú að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of þung, hæfileg eða of létt: Allt of þung og of þung = 5,6%, hæfileg = 76,4%, of létt og allt of létt = 17,9%

Varðandi aga í skólanum var ein spurning lögð til grundvallar:

Mér finnst aginn í skólanum vera: of mikill = 2,4%, hæfilegur = 73,8% , of lítill = 23,8%

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	78	-0,1	4,7	5.699	-0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	84,8%	67/79	-6,4%	87,4%	5253/5955	-2,6%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	95,6%	87/91	1,3%	91,9%	5818/6327	3,7%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	92,2%	83/90	0,8%	91,8%	5772/6283	0,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	93,3%	84/90	1,9%	91,2%	5675/6235	2,1%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	5,8%	5/86	1,8%	9,0%	562/6254	-3,2%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	37,5%	3/8	-16,3%	54,9%	533/958	-17,4%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	33,3%	3/9	-25,0%	54,5%	516/941	-21,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	57,1%	20/35	-13,5%	76,8%	2736/3492	-19,7%*
2.10. Meðaltímabil eineltis	2,0	9	0,3	1,4	1.056	0,6
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	9	-	-	-	-

Varðandi velferð nemenda þá kemur skólinn marktækt lakar út en landsmeðaltal segir til um í 5 þáttum af þeim 10 sem spurt er um. Þegar spurt er út í líðan nemenda í skólanum kemur skólinn hins vegar miklu mun betur út en landsmeðaltal segir til um en 95,6% foreldra segja að barninu þeirra líði mjög vel eða frekar vel í skólanum. Umfang eineltis virðist einnig vera langt undir því sem gerist og gengur í svipuðum skólum á landinu. 5,8% foreldra segja barnið sitt hafa orðið fyrir einelti á þessu skólaári, 4,7% segja barnið sitt hafa orðið fyrir einelti fyrir a.m.k. ári síðan, 81,4% svara spurningunni neitandi, 1,25% segja barnið sitt hafa orðið fyrir einelti í öðrum skóla og 7% foreldra vita ekki til þess að börnin þeirra

hafi lent í einelti. Eineltismál eru aldrei að fullu unnin og eitt eineltismál er einu eineltismáli of mikið.

Varðandi það sem kemur verr út í könnuninni er eftirfarandi:

Það hve vel skólinn mætir þörfum nemenda er eitt af því og þar liggur ein spurning til grundvallar:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins? Mjög ánægður og frekar ánægður = 84,9%, frekar óánægður og mjög óánægður = 15,1%

Margir foreldrar lýsa yfir óánægju sinni með úrvinnslu skólans á eineltismálum:

Hvernig fannst þér tekið á eineltinu af hendi skólans? Mjög vel og frekar vel = 37,5%, frekar illa og mjög illa, 62,5% frekar illa og mjög illa.

Enn fleiri foreldrar lýsa yfir óánægju sinni með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum:

Hve fljótt fannst þér brugðist við eineltinu af hálfu skólans? Mjög fljótt og frekar fljótt = 33,3%, frekar seint og mjög seint = 66,6%

Ánægja með eineltisáætlun skólans er umtalsvert minni en gerist með eineltisáætlanir annarra skóla:

Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans? Mjög vel og frekar vel = 57,1%, frekar illa og mjög illa, 42,9% frekar illa og mjög illa

Foreldrar lýsa meðaltíma eineltis barns síns og þar er skólinn marktækt lakari en sambærilegir skólar:

Hversu lengi stóð eineltið yfir eða hversu lengi hefur það staðið yfir? Skemur en eitt ár = 44,4%, 1 ár = 11,1%, 2 ár = 11,1%, 3 ár = 11,1%, 4 ár = 11,1%, lengur en 4 ár 11,1%

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,3	79	-0,6	5,5	5.960	-0,2
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,4	40	0,3	5,3	3.535	0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	52,8%	47/89	-3,4%	58,4%	3754/6200	-5,6%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	40	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	53,8%	35/65	-22,7%	73,3%	4096/5439	-19,5%*
3.6. Notkun á mötuneyti	83,7%	72/86	-10,5%	89,3%	5678/6297	-5,6%*
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	7,1%	1/14	7,1%	3,3%	20/613	3,8%

Varðandi aðstöðu og þjónustu kemur skólinn lakar út en gerist á landsvísi í 4 þáttum að 6 sem spurt er um en marktækur munur kemur fram í þremur þáttum.

Þegar spurt er um ánægju foreldra með tómstundaþjónustu eru niðurstöður eftirfarandi:

Ef þú hugsar um þetta skólaár, hefur barnið þitt sótt tómstundaþjónustu (t.d. félagsmiðstöð, frístundaheimili eða dægradvöl) á vegum skólans eða sveitarfélagsins að loknum skóladegi? Já = 52,8%, nei = 47,2%

Þarna er spurning hvort um lakari niðurstöður sé að ræða þar sem þetta er ekki skilgreint neitt nánar.

Hver er þörfin á hverjum stað?

Þá er spurt um ánægju með máltíðir í mötuneyti og þar kemur fram minni ánægja en í fyrra:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með máltíðirnar sem barnið þitt fær? Mjög ánægður og frekar ánægður = 53,9%, frekar óánægður og mjög óánægður = 46,1%

Einnig var spurt út í notkun mötuneytis:

Er barnið þitt í fæði hjá mótuneyti skólans í hádeginu? Já = 83,7%, nei = 16,3%

Fram kom í opnum svörum foreldra söknuður barnanna eftir Jóa kokki og hans fólki.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	83	0,2	4,6	5.972	0,0
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	45,7%	32/70	-5,9%	54,7%	2901/5112	-9,0%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	55,4%	31/56	0,3%	64,3%	2809/4217	-8,9%*
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	60	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	70	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	93,9%	77/82	-0,3%	94,4%	5653/5983	-0,5%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	86	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	70,5%	55/78	-2,2%	59,7%	3291/5462	10,8%*
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	86,6%	58/67	0,1%	89,1%	4388/4942	-2,5%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	73,8%	59/80	-13,0%	82,0%	4795/5846	-8,2%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	65,2%	58/89	-8,9%	71,7%	4492/6208	-6,5%

Varðandi foreldrasamstarf þá kemur skólinn lakar út en gerist og gengur á landsvísu í 6 þáttum af 8.

Þegar spurt er um áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur liggur ein spurning til grundvallar:

Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt? Mjög mikil og frekar mikil = 45,8%, frekar lítil og mjög lítil = 54,2%

Foreldrar voru spurðir hvort leitað væri eftir tillögum frá þeim eða hvort ábendingar þeirra væru teknar til greina:

Skólinn/kennarinn leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið mitt: Mjög sammála og frekar sammála = 45,8%, frekar ósammála og mjög ósammála = 54,2%

Ábendingar mínar eru teknar til greina: Mjög sammála og frekar sammála = 75%, frekar ósammála og mjög ósammála = 25%

Spurt var út í síðasta foreldraviðtal:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í? Mjög ánægður og frekar ánægður = 93,9%, frekar óánægður og mjög óánægður = 6,1%

Foreldrar voru beðnir um að leggja mat á mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemendum:

Hversu mikilvægt eða léttvægt finnst þér að gera námsáætlun með barni þínu? Mjög mikilvægt og frekar mikilvægt = 86,6%, frekar lítilvægt og mjög lítilvægt = 13,4%

Þá var spurt út í ánægju foreldra með heimasíðu skólans:

Telur þú upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar? Mjög gagnlegar og frekar gagnlegar = 73,8%, lítið gagnlegar og ekki gagnlegar = 16,2%

Að lokum var í þessum þætti spurt út í upplýsingar til foreldra um stefnu skólans og námskrá:

Hversu upplýsta(n) telur þú þig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá? Vel upplýstan og töluvert upplýstan = 65,2%, lítið upplýstan og ekki upplýstan = 34,8%

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,1	84	0,5	5,0	6.161	0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	84	-0,1	4,0	6.097	0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	70,7%	58/82	2,4%	74,1%	4240/5692	-3,4%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	51,2%	43/84	-0,9%	60,9%	3538/5863	-9,7%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	89,6%	60/67	-0,8%	74,2%	3425/4740	15,4%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	4,5%	3/67	1,3%	15,5%	792/4740	-11,0%*

Varðandi heimastuðning við nemendur voru töluverð frávik frá landsmeðaltali í helmingi atriða sem spurt var um.

Spurt var út í þann tíma sem foreldrar verja í aðstoð við heimanám:

Ef þú hugsar um þetta skólaár, hve miklum tíma á dag verðu að jafnaði í að aðstoða barnið þitt með heimanám (þ.m.t heimalestur)?
Meira en 60 mín = 1,2%, 31-60 mín = 14,3%, 16-30 mín = 37,7%, 15 mín eða minna = 47,6%, engum = 1,2%

Þegar spurt var út í væntingar foreldra um framhaldsnám barna sinna komu fram eftirfarandi niðurstöður:

Hvaða námsgráðu átt þú von á að barnið þitt ljúki? Iðnnám = 4,5%, framhaldsnám á háskólastigi = 71,6%, grunnnám á háskólastigi = 17,9%. framhaldsskóla = 3%, grunnskóla 3%.

6. Opin Svör

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn.	-	33	-	-	-	-
6.2. Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara í skólanum.	-	37	-	-	-	-
6.3. Ábendingar varðandi heimasíðu skólans	-	13	-	-	-	-

7. Aukakönnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Ánægja með COVID viðbrögð	86,4%	70/81	-	95,0%	5743/6012	-8,6%*

Opin svör foreldra um það sem þeim þykir gott við skólann voru um margt mjög jákvæð. Það bárust 33 svör undir þessum lið og almennt lýsti fólk yfir mjög mikilli ánægju með það að hafa börnin sín í Grunnskóla Setjarnarness, hrósaði starfsfólki og lýsti yfir þakklæti fyrir það vel börnum þeirra líður í skólanum.

Opin svör foreldra varðandi það sem betur mætti fara í skólanum voru 36 og voru allt frá því að fólk sagðist ekki geta nefnt neitt því slík væri ánægjan með skólann til þess að skólanum var fundið mjög margt til foráttu s.s. samskiptin, upplýsingagjöfin, starf foreldrafélagsis, ósýnilegir stjórnendur, skortur á karlmönnum í kennslu, námið miðað við stelpur og strákur ekki sinnt, metnaðarleysi og þar af leiðandi slakur námsárangur nemenda, úrræði fyrir kennara til að taka á agavandamálum s.s. leyfi til að vísa

nemendum úr tíma, aðbúnaður nemenda s.s. borð og stólar, stjórnlaus símanotkun nemenda, eineltismál og afgreiðsla þeirra, of margir tölvupóstar og svo mætti lengi telja.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Matsfundur með nemendaráði og skólaráði náðist ekki vegna röskunar á skólastarfi.
- Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum. Niðurstöðurnar eru ræddar við umsjónarkennara og námsráðgjafa ef við á. Vísendingar um samskiptavanda eru skoðaðar sérstaklega og gripið inn í eftir þörfum.
- Eins og fram kemur hér að framan var samskiptakönnun lögð fyrir nemendur í 7. -10. bekk og voru niðurstöður könnunarinnar sendar kennurum og til þess ætlast að þeir skoðuðu og ræddu niðurstöður með bekkjum sínum. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið skoðaðar og það vekur athygli að það eru flestir sem óttast baktal eða hafa orðið leiðir yfir því hvernig talað er við þá eða hvernig látið er við þá. Það er viðvarandi verkefni kennara og stjórnenda að fylgjast með og bregðast við þeim talsmáta sem nemendur nota hver við annan og ævinlega í ljósi þess að um grín sé að ræða þegar málið er tekið upp við nemendur.
- Nemenda- og foreldrasamtölin fóru vel fram. Ákvörðun um að láta nemendur vera með kynningar fyrir foreldra sína var tekin með tiltölulega stuttum fyrirvara og því kom það skemmtilega á óvart hve vel þetta gekk. Nemendur lögðu mikinn metnað í kynningarnar sínar og varð þetta fyrirkomulag til þess að yfirbragð margra viðtala varð jákvæðara er það hefði e.t.v. annars orðið. Ljóst er að þetta fyrirkomulag verður þróað áfram þ.e. að láta nemendur hafa stærra hlutverk í viðtölum sem þessum.
- Starfsmannasamtöl fóru vel fram og starfsfólk tjáði sig um bæði jákvæða og neikvæða þætti starfsins. Almennt eru starfsmenn nokkuð ánægðir með samskiptin innan stofnunarinnar en sem fyrr var kvartað nokkuð undan miklu álagi vegna námsmats og skráninga í Mentor, fjölmennra bekkja, undirbúnings kennslunnar og agastjórnunar.

Á unglingastigi átti að bregðast við vandanum varðandi námsmatið í fyrra og gerð var áætlun um einfaldara námsmat á þessu skólaári. Einföldunin átti aðallega að felast í því að kennarar hættu að gefa einkunnir fyrir einstök hæfniviðmið þótt þeir tengdu ómetanleg hæfniviðmið við allt námsmat. Þegar þetta var skoðað nánar og leitað til sérfróðra aðila varðandi málið var eindregið

mælt til þess að þessi leið yrði ekki farin. Því var tekin ákvörðun um að halda áfram að meta einstök hæfniviðmið, með skalanum, A,B,C og D, en gefið var lokið/ólokið fyrir einstök verkefni. Um áramót fengu nemendur samantekt á námsmati haustannarinnar og þá var gefið í bókstöfum og þá bættist B+ og C+ inn í skalan. Í lok skólaárs var námsmat með sama sniði og um áramótin en þá var gefið fyrir skólaárið í heild. Settar voru upp vörður til að leiðbeina kennurum um það hvenær nauðsynlegt er að allir hafi metið nemendur – þrjár vörður á hvorri önn og gekk vel að vinna eftir því. Varðandi það sem fólki finnst vanta á í aðbúnaði verður listað upp og reynt eftir fremsta megni að bæta þar úr eftir því sem fjármagn leyfir og úr sumu hefur þegar verið bætt.

Almennt er fólk ánægt með samvinnu í sinni grein en í ljós kom áhugi á samvinnu milli kennara á breiðara sviði. Þessi áhugi vaknaði í raun í covid og til að bregðast við þessum áhuga og ýta undir fjölbreyttari kennsluhætti er fyrirhugað að setja á laggirnar svokallaðar smiðjur á næsta skólaári. Kennurum skólans verður þá skipt upp í tvö teymi, annars vegar teymi sem mun sinna 7. og 8. bekk og hins vegar teymi sem mun sinna 9. og 10. bekk. Þarna verða unnin verkefni þvert á námsgreinar og ætlaðar verða í þetta 80 mín á viku auk þess sem kennurum verður eyrnamerkur undirbúningstími í verkefnið. Undirbúningsvinna þessa hefst strax á vordögum, fenginn verður fyrirlesari til að kynna slíkt starf í sínum skóla auk þess sem kennurum fá starfsdaga í vor til að byrja undirbúning.

Varðandi upplýsingflæði í Valhúsaskóla þá hafa verið sendar út upplýsingar um komandi viku á hverjum föstudegi í nokkur ár og því verður haldið áfram auk þess sem haldnir eru stuttir fundir á hverjum mánudagsmorgnum þar sem farið er yfir það sem liggur fyrir hverju sinni. Það er óljóst hvernig hægt er að bæta í þarna en um að gera að vera alltaf á tánum varðandi það að bæta upplýsingaflæði sem annað.

Varðandi aðbúnað þá standa vonir til að úrbóta sé að vænta. Lögð hefur verið rík áhersla á að byrja endurnýjun húsgagna fyrir nemendur auk endurnýjunar á tölvubúnaði. Netsamband í einhverjum stofum hefur þegar verið bætt.

Mars

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Mars	- Skólapúlsinn starfsmannakönnun (lögð fyrir 2021 og svo næst 2022) - Mat á framförum í lestri hjá 1.-6. bekk	- Matsteymi og verkefnastj. UT - Deildarstjóri stigs/umsjónarkennarar

	▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Verkefnastjóri í UT
--	---	-----------------------

Skólapúlsinn – starfsmannakönnun

- Starfsmannakönnun var lögð fyrir allt starfsfólk skólans og niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli.

Könnun hafin: 11. mar. 2021

Könnun lýkur: 8. apr. 2021

Fjöldi þátttakenda: 101

Fjöldi svarenda: 88

Síðir: 1

Svarhlutfall: 87,1%

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,7	84	-	4,5	1.548	0,2
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,3	84	-	4,9	1.547	0,4*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,6	84	-	4,8	1.548	-0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,3	84	-	5,1	1.549	0,2

Allir fjórir þættirnir sem snúa að starfinu eru innan innan marktæks munar, miðað við landsmeðaltal. Varðandi vinnuálagið þá mælist það 0,2 stigum meira í GS en landsmeðaltali segir til um en aðrir þættir mælast betur í GS en landsmeðaltal

2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,0	84	-	5,1	1.544	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,0	83	-	5,2	1.543	-0,2
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,2	84	-	4,8	1.543	0,4*

Þátturinn um starfsmenn mælist mög nálægt landsmeðaltali. Þegar skoðaðar eru spurningarnar sem liggja að baki leikni í starfi kemur fram að rúmlega 85% starfsmanna eru ánægðir með vinnuna sína, afköst sem þeir skila og eigin færni til að leysa vandamál í starfi sínu. Varðandi skuldbindingu til vinnustaðarins eru milli 80 og 85% starfsmanna sem svara því til að þeir mæli með vinnustaðnum sínum sem góðum vinnustað, gildi vinnustaðarins samræmist þeirra eigin og að vinnustaðurinn veiti þeim hvatningu í starfi. Varðandi skörun vinnu og einkalífs þá telja 31% starfsmanna að kröfurnar í vinnunni trufli stundum fjölskyldu- og heimilislífið en 9,6% telja það gerast fremur oft eða mjög oft.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,3	81	-	5,4	1.539	-0,1
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,1	79	-	5,0	1.502	0,1
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,0	80	-	5,3	1.532	-0,3
3.4. Stuðningur við nýsköpun	4,8	80	-	5,2	1.529	-0,4*
3.5. Mismunur	4,6	80	-	4,8	1.529	-0,2
3.6. Einelti (þú)	3,8%	3/79	-	3,8%	58/1523	0,0%
3.7. Einelti (annar en þú)	5,0%	4/80	-	9,5%	144/1509	-4,5%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	2,5%	2/80	-	3,8%	57/1509	-1,3%

Í spurningum sem snúa að vinnustaðnum mælist skólinn innan marktæks munar í öllum þáttum. Þegar spurningar sem snúa að starfsanda eru skoðaðar kemur fram að 34,6% telja hann nokkuð styðjandi, 37 telja hann fremur styðjandi og 19,8 telja hann mjög styðjandi. Þá er spurt um hvort starfsandinn einkennist af tortryggni og vantrausti og 60% telja starfsandann að mjög litlu leyti eða alls ekki einkennast af tortryggni og vantrausti, 32,5% svara fremur lítið og 5% svara nokkuð. Varðandi afslappaðan og þægilegan starfsanda þá svara 38,3% nokkuð, 43,2% fremur mikið og 18,5% mjög mikið. Spurningunum sem sneru að stuðningi frá samstarfsfólki var svarað þannig að 82,5% töldu sig fá stuðning og aðstoð frá samstarfsfólki fremur oft og mjög oft eða alltaf og 86,2% töldu að fremur oft og mjög oft eða alltaf vildi samstarfsfólk hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni. Spurningarnar

sem snúa að einelti og mismunun koma allar betur út en landsmeðaltal ef frá er talin spruning 3,6 en hún er á pari við landsmeðaltal.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,6	80	-	5,3	1.502	0,3*
4.2. Sanngjörn forysta	5,7	80	-	5,3	1.497	0,4*
4.3. Valdeflandi forysta	4,7	80	-	5,1	1.481	-0,4*
4.4. Ræktun mannauðs	4,9	80	-	5,3	1.514	-0,4*

Mælingar varðandi stjórnun mælast til helminga undir og yfir landsmeðaltali þó munurinn sé lítill. Ef litið er til þeirra þátta þar sem skólinn mælist undir landsmeðaltali þá kemur fram þegar spruningar eru skoðaðar að varðandi valdeflandi forystu telja 51,8% að næsti yfirmaður hvetji þá til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum stundum, fremur oft og mjög oft, 74,1% telja að næsti yfirmaður hvetji þá til að láta vita ef þeir eru á annarri skoðun stundum, fremur oft og mjög oft og 86,6% telja að næsti yfirmaður hjálpi þeim til að auka færni sína í starfi stundum, fremur oft og mjög oft. Varðandi ræktun mannauðs þá telja 69,95% sér vera umbunað stundum, fremur oft og mjög oft fyrir vel unnin störf, 91,1% telja að hugsað sé vel um starfsfólkið á vinnustaðnum stundum, fremur oft og mjög oft og 98,7% telja að stjórnendum á vinnustaðnum sé umhugað um heilsufar starfsfólks stundum, fremur oft og mjög oft.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,0	47	0,1	5,5	880	-0,5*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,8	46	-0,5	5,0	868	-0,2
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,5	41	0,7	5,1	786	0,4
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	55,7 mín	35	9,6 mín	41,3 mín	744	14,4 mín*
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	77,1%	37/48	4,7%	69,4%	620/893	7,7%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	60,5%	26/43	7,0%	50,8%	423/832	9,7%
5.7. Hópavinna í bekk	27,9%	12/43	-7,0%	30,4%	242/797	-2,5%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	29,5%	13/44	-6,0%	33,7%	281/835	-4,2%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	50,0%	22/44	-7,8%	55,6%	469/843	-5,6%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	21,4%	9/42	4,4%	13,8%	112/809	7,6%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	78,3%	36/46	0,2%	78,1%	679/869	0,2%

Þeir rannsóknarþættir sem snúa að kennurum og kennarastarfinu koma misvel út en frávik frá landsmeðaltali eru hvergi mikil. Þrátt fyrir að spurningar varðandi ánægju með kennarastarfið komi örlítið lakar út en gerist á landsvísu þá eru 95,7% kennara mjög eða frekar sáttir við starf sitt sem kennara, 100% kennara telja að kennarahópurinn sé mjög eða frekar sáttur í starfi, 50% kennara eru frekar eða mjög ósammála því að þeir hafi haft meiri eldmód í starfi þegar þeir byrjuðu að kenna og 91,5% kennara telja sig frekar eða mjög ánægðar í starfi þegar á heildina er litið. Varðandi trú á eigin getu þá eru 100% svarenda mjög eða frekar sammála því að þeir eigi auðvelt með að ná til nemenda, 97,7% telja sig mjög eða frekar sammála því að þeir nái góðum árangri með nemendum sínum og 86% svarenda telja sig mjög eða frekar sammála því að þeir geti náð árangri með erfiðustu og áhugalausustu nemendurnar. Varðandi þætti 5.6. – 5.9. þá liggur ljóst fyrir að aðeins fleiri kennarar í GS kenna öllum námshópnum í einu og eru þá jafnframt með minni hópavinnu eða sjálfstæða vinnu nemenda í bekknum. Einnig þarf að skoða vel einstaklingsmiðaða kennslu.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,8	42	-0,9	5,5	776	-0,7*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,2	41	-0,7	5,4	766	-0,2
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,3	43	-0,4	5,3	857	-1,0*
6.4. Samráð um kennslu	5,6	43	-0,6	5,4	833	0,2
6.5. Samvinna um kennslu	4,3	37	-0,3	5,5	762	-1,2*

Starfsumhverfi kennara mælist undir landsmeðaltali þegar spurt er um stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Niðurstöður úr einstökum spurningum innan þess þáttar sýna að 39,6% kennara telja sig alltaf eða oft hafa aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna í kennslustofunni með þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum með nám og 34,9% töldu sig stundum hafa aðgang að slíkri aðstoð. Þegar spurt var um slíka aðstoð utan kennslustofunnar svöruðu 29,3% alltaf eða oft en 48,8% svöruðu stundum. Þegar spurt var um aðgang kennara að ráðgjöf sérfræðinga s.s. sérkennara, talkennara o.fl. sem gætu leiðbeint þeim telja telja 45,9% sig hafa þann aðgang alltaf eða oft og 32,4% stundum. Varðandi faglegan stuðning skólastjóra við kennara telja 78,1% skólastjóra ræða markmið námsins við kennara á fundum oft og stundum, 7,1% telja skólastjórnendur fylgjast með kennslu í kennslustofunni oft eða stundum, 19,2% telja skólastjórnendur oft eða stundum hafa frumkvæði að því að ræða vanda kennarans í kennslustofunni og 61,5% telja skólastjórnendur oft eða stundum hrósa kennurum fyrir sérstaka viðleitni eða árangur.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	29,3%	12/41	-18,2%	44,4%	371/835	-15,1%*
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,5	44	0,2	5,1	861	0,4
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	2	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	46,5%	20/43	9,0%	50,6%	431/852	-4,1%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	36	-	-	-	-

Mat á framförum í lestri hjá 1.- 6. bekk

Lesfimikannanir eru lagðar fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum og aðra nemendur sem talin er ástæða til að fylgjast með. Upplýsingum er komið til foreldra og þeir hvattir til að lesa meira með nemendum. Reynt var að koma því við að kennarar og stuðningsfulltrúar létu þessi börn lesa aukalega í skólanum.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Apríl

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Apríl	- Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum - Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir 3.-8.b.	- Kennarar/stjórnendur - Deildarstjóri stigs/umsjónarkennarar

Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum

Mat á kennsluáætlunum skólaársis hófst í apríl og heldur aftur áfram í ágúst. Lagt var upp með að samræma kennsluáætlanir betur milli árganga og kennslugreina og stefnt er á að kennsluáætlanir verði fullbúnar ekki síðar en í 1. sept. 2021. Þær breytingar sem lagt var upp með og snúa að kennsluáætlunum var að tengja grunnþætti menningar úr aðalnámskrá grunnskóla inn hverja námsgrein auk þess að tengja betur saman í kennsluáætlunum þau verkefni sem unnin verða á komandi skólaári og

þau hæfniviðmið sem lögð verða til grundvallar. Kennarar á unglingastigi munu halda námsmatsvinnunni með sama sniði næsta ár og var í ár. Í maí fengu kennarar vinnuskjal í hendur sem á að tryggja samræmingu kennsluáætla.

Lesskilningsprófið Orðarún í 3.-6. bekk

Farið er yfir niðurstöður og þær skoðaðar í samhengi við aðrar lesfimikannanir. Allar niðurstöður eru birtar foreldrum á Mentor. Ánægjulegt að sjá að í öllum árgöngum var stór hluti nemenda sem höfðu tekið framförum. Við myndum þó vilja sjá fleiri nemendur ná framúrskarandi viðmiðum.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Maí

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Maí	- Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Greining á niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk.	- Verkefnastjóri í UT /Bókasafnskennarar - Valhúsaskóli: Stjórnendur Mýrarhúsaskóli: Umsjónarkennarar - Stjórnendur/umsjónar-kennarar/faggreinakennarar

Nemendakönnun skólupúlsins 2020-2021

Eins og sést á yfirlitsmyndunum hér fyrir neðan eru niðurstöður Skólupúlsins almennt fremur jákvæðar fyrir skólaárið 2020-2021. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig telst marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig telst mikill munur.

Skólupúlsinn - niðurstöður úr 1.-5. bekk

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	6,2	61	0,6	5,5	1.263	0,7*
1.2. Ánægja af lestri 2.b	6,0	49	0,4	5,3	1.192	0,7*
1.3. Ánægja af lestri 3.b	5,4	64	-0,0	5,0	1.293	0,4*
1.4. Ánægja af lestri 4.b	4,6	45	0,3	4,4	1.325	0,2
1.5. Ánægja af lestri 5.b	4,0	56	-0,1	3,8	1.380	0,2
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,3	275	0,3	4,8	6.509	0,5*

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 1.b	6,5	61	-0,0	5,6	1.260	0,9*
2.2. Ánægja með skólann 2.b	5,8	49	-0,0	5,3	1.190	0,5*
2.3. Ánægja með skólann 3.b	5,1	64	-0,2	5,1	1.289	0,0
2.4. Ánægja með skólann 4.b	5,2	45	0,6	4,6	1.323	0,6*
2.5. Ánægja með skólann 5.b	4,6	56	0,3	4,4	1.381	0,2
2.6. Ánægja með skólann 1.-5.b	5,4	275	0,2	5,0	6.499	0,4*

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 1.b	6,6	61	0,4	5,3	1.257	1,3*
3.2. Vellíðan í skólanum 2.b	6,3	49	0,6	5,3	1.188	1,0*
3.3. Vellíðan í skólanum 3.b	5,2	64	-1,0	5,1	1.290	0,1
3.4. Vellíðan í skólanum 4.b	5,8	45	0,5	5,0	1.322	0,8*
3.5. Vellíðan í skólanum 5.b	5,1	56	0,0	4,7	1.381	0,4
3.6. Vellíðan í skólanum 1.-5.b	5,8	275	0,2	5,1	6.494	0,7*

Skólapúlsinn - niðurstöður úr 6.-10. bekk

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,9	264	-0,3	4,5	17.501	0,4*
1.2. Þrautseigja í námi	5,3	268	-0,4	4,6	17.611	0,7*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,3	269	-0,6	4,8	17.865	0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,1	268	-0,3	4,7	17.839	0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,2	267	-0,6	4,5	17.587	0,7*
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,2	268	-0,3	4,5	17.806	0,7*

- **Virkni nemenda í skólanum:** Þessi þáttur var mældur í 6 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0.56 stigum yfir landsmeðaltali. Það er ánægjulegt að allir þættir skuli mælast yfir landsmeðaltali en þó þarf að hafa það í huga að skólinn mælist samt sem áður verr í þessum þáttum en á síðasta ári.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,8	268	-0,5	4,2	17.536	0,6*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,8	268	-0,5	4,3	17.494	0,5*
2.3. Vellíðan	4,7	268	-0,5	4,4	17.714	0,3*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	78	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,3	267	0,3	5,6	17.685	-0,3*
2.6. Tíðni eineltis	14,7%	39/266	3,2%	13,6%	2468/17631	1,1%
2.7. Staðir eineltis	-	36	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	52,6%	140/266	-4,3%	43,7%	7567/17263	8,9%*
2.9. Hóllt mataræði	5,0	267	-0,2	4,6	17.412	0,4*

- **Líðan og heilsa:** Þessi þáttur var mældur í 7 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,42 stigum yfir landsmeðaltali en þar er einelti tekið inn sem +tala þar sem það telst jákvætt að vera undir í þeim lið. Tveir þættir eru hins vegar ekki reiknaðir með en það eru liðirnir tíðni eineltis og tíðni hreyfingar en þessir þættir eru mældir í prósentustigum.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	268	-0,3	4,8	17.392	0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	267	-0,3	4,9	17.611	-0,1
3.3. Agi í tímum	5,4	266	-0,0	4,9	17.580	0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	266	0,0	5,0	17.537	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	268	-0,0	5,0	17.548	0,0



- **Skóla og bekkjarandi:** Skóla og bekkjarandi var mældur í 5 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,12 stigum yfir meðaltali. Þeir þættir sem þurfa einna helst að skoðast er virk þátttaka nemenda í tímum en þar er skólinn 0,1 stigi undir landsmeðaltali og samband nemenda við kennara en þar er skólinn líka 0,1 stigi undir landsmeðaltali.

Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk



Haldið var áfram að leggja lestrarþóf MMS fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Eins og fram kemur á súluritunum hér fyrir neðan þokast lestrarfærnin í rétta átt yfir skólaárið. Þegar niðurstöður frá því í sept. 2016 eru bornar saman við niðurstöður í maí 2021 kemur fram að heilmiklar framfarir hafa orðið í lestrarfærni nemenda frá því mælingar hófust. Lestrarpróf fyrir unglingastigið hafa haft heilmikil áhrif á metnað unglinganna varðandi það að bæta lestrarfærni sína.

Bekkur	Landið %	Viðmið 1	Fyrsta mæling GS 2016	Landið %	Viðmið 2	Fyrsta mæling GS 2016	Landið %	Viðmið 3	Fyrsta mæling GS 2016	Landið %	Undir viðmiði 1	Fyrsta mæling GS 2016
	90% viðmið			50% viðmið			25% viðmið					
1	88,7	96,7		37,4	51,7		17,3	28,3		11,3	3,3	
2	84,4	100	81,60%	41,5	80	36,80%	26,5	52,7	10,50%	15,6	0	18,40%
3	84,1	94,4	77,20%	40,1	69	24,60%	23,9	43,7	12,30%	15,9	5,60	22,80%
4	82,6	91,8	86,40%	49,8	75,5	50,00%	27,2	36,7	27,30%	17,4	8,2	13,60%
5	71,6	80	78,00%	36,3	46,7	30,00%	20,9	30	16,00%	28,4	20	22,00%
6	68	90,6	72,40%	30	57,8	27,60%	17,3	42,2	10,30%	32	9,4	27,60%
7	68,4	71,2	83,00%	29,2	33,3	17,00%	13,3	10,6	6,40%	31,6	28,8	17,00%
8	74,1	91,5	81,50%	26,3	53,2	18,50%	9,9	21,3	7,40%	25,9	8,5	18,50%
9	73,8	88	66,70%	37,2	64	24,40%	17,4	40	8,90%	26,3	12	33,30%
10	69,9	81,4	71,40%	42,4	58,1	38,10%	22	32,6	0,00%	30,2	18,6	28,60%
meðaltal	76,56	88,56	77,58%	37,02	58,93	29,67%	19,57	33,81	11,01%	23,46	11,44	22,42%


Fyrirlögn sept. 2020, Grunnskóli Seltjarnarness



Fyrirlögn jan. 2020, Grunnskóli Seltjarnarness



Fyrirlögn maí 2021, Grunnskóli Seltjarnarness



Greining á niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk

Í mars var farið af stað með að leggja samræmd próf rafrænt fyrir í 9. bekk í eins og verið hefur sl. 4 ár en fyrir lögn gekk ekki áfallalaust fyrir sig. Nemendur mættu í íslenskuprófið en tenging nemenda við MMS rofnaði sífellt. Prófin voru því felld niður í þeirri mynd sem þau áttu að vera en nemendum bauðst, ef þeir vildu, að taka prófin á pappír dagana 22., 23. og 24. mars. Margir nemendur höfðu náð að ljúka íslenskuprófinu þrátt fyrir ítrekaða truflun við próftöku en flestir ákváðu samt að láta það próf gilda þ.e. endurtóku ekki prófið þó það stæði til boða. Þátttaka nemenda í einstökum prófum var sem hér segir:



Íslenska 96%

Stærðfræði 47%

Enska 49%

Niðurstöður þessara prófa birtast hér fyrir neðan:

Samræmt könnunarpróf 9. árgangur, mars 2021, Grunnskóli Seltjarnarness



Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	49	5	10,2%	18	36,7%	26	53,1%
	Lestur	49	6	12,2%	17	34,7%	26	53,1%
Stærðfræði	Heild	24	0	0,0%	5	20,8%	19	79,2%
	Reikningur og aðgerðir	24	0	0,0%	8	33,3%	16	66,7%
Enska	Heild	25	4	16,0%	8	32,0%	13	52,0%
	Lestur	25	4	16,0%	7	28,0%	14	56,0%


Hæfnieinkunnir

	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	8,9%	12	24,5%	12,4%	8	33,3%	6,2%	1	4,0%
B+	11,6%	10	20,4%	19,6%	9	37,5%	15,8%	10	40,0%
B	33,6%	13	26,5%	39,1%	5	20,8%	45,2%	8	32,0%
C+	12,9%	6	12,2%	8,6%	0	0,0%	3,1%	1	4,0%
C	29,4%	7	14,3%	18,5%	2	8,3%	24,7%	3	12,0%
D	3,5%	1	2,0%	1,9%	0	0,0%	4,9%	2	8,0%
Heild		49			24			25	


Lesskilningsprófið Orðarún í 7. og 8. Bekk

- Niðurstöður 7. og 8. bekkjar í Orðarún lágu fyrir í september og svo aftur í maí. Niðurstöður hvers nemanda voru skráðar í mentor þannig að foreldrar geta fylgst með framgangi barna sinna.

Orðarún árgangur 2007 - 6., 7. og 8. bekkur




Orðarún árgangur 2007 - 6., 7. og 8. bekkur



Mat og úrbætur

- Eineltismálin hafa undanfarið verið þeir þættir í skólapúlsinum sem stöðugt þarf að fylgjast með. Þegar tíðni eineltis er skoðuð kemur fram að GS mælist með 14,7% tíðni á meðan landsmeðaltal er 13,6%. Ljóst er þegar árgangapróun er skoðuð að tíðni eineltis hefur farið lækkanði í 7. og 8. bekk en þróunin í 9. bekk á liðnu skólaári sýnir að fylgjast þarf vel með og grípa til aðgerða. Til stóð að fá KVAN til að hitta 9. bekk á liðnu ári en vegna COVID náðist það ekki. Hugsunin var að fá foreldra stúlkna ásamt stúlkunum á fræðslufund eina kvöldstund og taka svo strákana ásamt foreldrum á sambærilegan fund í kjölfarið. Vegna fjöldatakmakana náðist ekki að kalla til þessara funda og verður lagt mat á þörfina fyrir því að halda slíka fundi á komandi skólaári. Skólafólk veit jafnframt um mál sem kom upp nú í lok skólaárs í 8. bekk og gripið verður til aðgerða varðandi það á komandi skólaári. Foreldrar allra nemenda í 8. bekk fengu póst í lok skólaárs þar sem þeim var gerð grein fyrir stöðunni og óskað eftir því að allir tækju höndum saman um að sporna við framhaldi á því máli. Að vanda verður mælt til þess að umsjónarkennarar sinni samskiptaþættinum sérstaklega í öllum árgöngum.

2.6. Tíðni eineltis – Árgangapróun



Þessi mynd sýnir hvernig útkoma árganga á kvarðanum hefur breyst á milli ára. Bláa línan stendur því t.a.m. fyrir þá nemendur sem eru nú í 10. bekk og sýnir hvernig staða þeirra hefur breyst frá 6. til 10. bekkjar, gula línan fyrir þá nemendur sem nú eru í 9. bekk o.s.frv. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður fyrir tiltekinn árgang ekki birtar ef færri en 2 drengir og tvær 2 stúlkur voru í árganginum.

Annað sem skoða þarf skv. niðurstöðum skólapúlsins er upplifun nemenda á virkni sinni í tímum en þar er GS 0,1 stigi undir landsmeðaltali. Ákveðið hefur verið að brjóta upp hefðbundna stundatöflu einu sinni í viku á næsta skólaári og nýta tvær kennslustundir í smiðjuvinnu þar sem nemendur vinna verkefni sem þeir velja sjálfir, innan ákveðins ramma, og útfæra verkefnin þá væntanlega meira eftir eigin höfði. Það verður gaman að sjá hvaða áhrif þetta litla skref að enn fjölbreyttari kennsluháttum hefur á upplifun nemenda auk þess sem gaman verður að sjá hvort þessi vinna muni smitast inn í aðrar kennslustundir í skólanum með aukinni fjölbreytni en allir kennarar skólans munu koma að þessari smiðjuvinnu. Varðandi leiðsagnarmat í skólanum þá upplifa nemendur það enn og aftur á pari við landsmeðaltal og þar má gera betur. Reyndar hefur fyrirgjöf á Mentor verið mjög nákvæm undanfarin ár – svo nákvæm að e.t.v. er hún orðin of flókin fyrir nemendur og foreldra.

- Niðurstöður úr lesfimiþrófum MMS sýna að í maí eru of margir nemendur, sem ekki ná viðmiði 1 í lesfimi í 5. (20%), 7. (28,79%), 9. (12%) og 10. (18,6%) bekk. Í september voru allir tíu árgangar GS með fleiri en 10% (viðmið MMS) nemenda undir viðmiði 1, í janúar urðu árgangarnir níu og fjórir í maí.

Á unglingastigi verður skipulagið áfram með þeim hætti að nemendur verða með yndislestrarstund 4 x 20 mínútur á viku auk þess sem kennarar verða beðnir um að vinna í lestrarhraða og lesskilningi með nemendum í yndislestrarstundunum. Á yngsta og miðstigi verður áfram áhersla á heimalestur, unnið er markvisst með orðaforða og yndislestur er fastur hluti af námi nemenda.

Það er enn sem fyrr áberandi að þær framfarir sem nást frá sept. – maí ná ekki að halda nógu vel yfir sumartímann þar sem nemendur eru greinilega ekki að lesa nógu mikið í sumarfríinu. Það er samt skemmtilegt að skoða niðurstöður skólans frá því að mælingar á lesfimi hófust, í sept 2016 en síðan þá hafa orðið allnokkrar framfarir hvað lesfimi varðar. Kennarar munu á komandi ári vinna skv. þeirri umbótaáætlun sem unnin var á þessu skólaári.

- Niðurstöður samræmdra prófa hafa verið greindar eftir því sem það er hægt miðað við að einungis tæpur helmingur nemenda tók samræmda prófið í ensku og stærðfræði þar sem um val var að ræða. Niðurstöður samræmdu prófanna þetta árið munu því ekki nýtast sem skyldi í að skipuleggja stuðningsþörf í verðandi 10. bekk þannig að notast þarf við námsmat skólans auk þess að hafa niðurstöður samræmdu prófanna til hliðar hjá þeim nemendum sem þau tóku.
- Niðurstöður lesskilningsprófanna Oraðarúnar eru fremur jákvæðar þar sem það fækkar í hópi þeirra nemenda sem ná ekki tilsettri hæfni bæði í 7. og 8. bekk og þeim fjölgar sem ná tilsettri hæfni. Það væri reyndar gaman að sjá hópinn sem nær framúrskarandi hæfni stækka. Áframhaldandi vinna með yndislestur ætti að hafa jákvæð áhrif á lesskilning jafnt sem leshraða.
- Farið var yfir niðurstöður úr lesfimiþrófum og Oraðarún í 2. – 6. bekk. Kennarahópar voru með kynningar á umbótaáætlunum sínum og hvernig til tókst. Borinn var saman árangur lesfimiþrófa í september og maí og eins voru niðurstöður Oraðarúnar í októberber og apríl bornar saman og þannig lagt mat á þá vinnu sem var sett af stað með umbótaáætlunum. Í öllum árgöngum kom skýrt fram að þeir nemendur sem lásu reglulega heima og fylgdu áætlunum tóku mestum framförum.

Júní

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Júní	▪ Yfirferð lögbundinna áætlana ▪ Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla	▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi/stjórnendur

Yfirferð lögbundinna áætlana

Lögbundnar áætlanir eru uppfærðar annað hvert ár og fór sú uppfærsla fram í júní og ágúst 2020.